


✉ Re: Beiðni um umsögn - skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar í Grindavík vegna Íþ2.

Búið til	17.9.2021 20:03:08
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	17.9.2021 20:03:06
Tilheyrir	 202109-0003 - Skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar í Grindavík vegna Íþ2 vegna stækkunar á golfvelli.

Efni

Re: Beiðni um umsögn - skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar í Grindavík vegna Íþ2.

Upplýsingar

Sent	17.9.2021 20:03:06	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Atligeir@grindavik.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202109-0003 (LA, IAS).

Vísað er til bréfs frá sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar 3. september 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032 sem snýr að stækkun á golfvelli Grindavíkur við Húsatóftir (Íþ2).

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Á fyrirhuguðu skipulagssvæði er dyngjuhraun, um 13.600 ára gamalt, sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr laga um náttúruvernd. Hraunið er sandorpið og raskað að hluta og hefur því ekki hátt verndargildi. Haugsetja á 20.000 m³ af efni ofan á hraunið og nýta til landmótunar. Þessi framkvæmd mun breyta ásýnd svæðisins. Nokkrir heillegir hraunhólar (rishólar) eru innan svæðisins sem mætti hlífa fyrir raski eða manngerðri landmótun.

Sunnan við skipulagssvæðið, við Arfadalsvík, er svæði á náttúruminjaskrá, Strandsvæði vestan Grindavíkur, sem aðrar náttúruminjar (NMS nr. 105). Þetta svæði hefur mjög hátt verndargildi bæði hvað varðar fugla og vistgerðir. Þar er mikið og fjölskrúðugt fuglalíf allt árið um kring sem stafar af fjölbreyttri samsetningu vistgerða á svæðinu. Á strandsvæðinu eru tegundir á valista og vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar og eru skilgreindar sem forgangsvistgerðir.

Í skipulagslýsingu þarf að taka tillit til þessa svæðis á náttúruminjaskrá og að stækkun golfvallar hafi ekki áhrif á sérstakt lífríkið í næsta nágrenni.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda skipulagslýsingu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Atli Geir Júlíusson" <Atligeir@grindavik.is>

To: "sigmar@olfus.is" <sigmar@olfus.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "skipulag@hafnarfjordur.is" <skipulag@hafnarfjordur.is>; "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "reykjanesbaer@reykjanesbaer.is" <reykjanesbaer@reykjanesbaer.is>; "Berglind Kristinsdóttir" <berglind@sss.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Þór Hjaltalín" <thor@minjastofnun.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Skrifstofa Vogar" <skrifstofa@vogar.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>

CC: "Fannar Jónasson" <Fannar@grindavik.is>; "Ásgeir Jónsson" <asgeir.jonsson@efla.is>; "Anna Bragadóttir" <anna.bragadottir@efla.is>; "Eva Dís Þórðardóttir" <eva.dis.thordardottir@efla.is>; "Íris Gunnarsdóttir" <iris@grindavik.is>

Subject: Beiðni um umsögn - skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar í Grindavík vegna ÍÞ2.

Date: 3.9.2021 10:59:11

Sæl/sæll,

Óskað er eftir umsögn við skipulagslýsingu breytingar á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032, sjá hér í viðhengi. Skipulagslýsingin var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar þann 31. ágúst sl.

Skipulagslýsingin varðar breytingar á Aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032 vegna stækkunar á golfvelli Grindavíkur við Húsatóftir (ÍÞ2). Við landmótun vegna stækkunar golfvallarins verður notað efni sem fellur til við gatnagerð innan þéttbýlis, samtals áætlað um 20.000 m³.

Skipulagslýsingin er aðgengileg á heimasíðu Grindavíkurbæjar, www.grindavik.is (<http://www.grindavik.is>), og hún liggur frammi á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar til 17. september nk.

Umsögnum við kynnta skipulagslýsingu skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa, Víkurbraut 62, 240 Grindavík eða með tölvupósti á atligeir@grindavik.is (<mailto:atligeir@grindavik.is>).

Óskað er eftir að umsögn berist eigi síðar en þann 17.september nk. Þannig að hægt sé að taka þær fyrir á fundi skipulagsnefndar Grindavíkurbæjar þann 20.september nk.

Með kveðju/ Kind regards,

Atli Geir Júlíusson

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust

Grindavíkurbær

Víkurbraut 62

240 Grindavík

Sími/Tel. (+354) 420 1100

GSM:898-2854

atligeir@grindavik.is (<mailto:atligeir@grindavik.is>)

www.grindavik.is (<http://www.grindavik.is/>)

Fyrirvari/Disclaimer - www.grindavik.is/fyrirvari (<http://www.grindavik.is/fyrirvari>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)